

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 12. feb. 2020.

Fundur haldinn kl. 17.00 í Lykkju í Borgartúni 12-14

Mættir: Líf Magneudóttir, formaður, Þorvaldur Örn Árnason, Þórður Ingi Bjarnason, Jóna Sæmundsdóttir, Sigurgestur Gíslason og Guðmundur Grétar Karlsson.

Andri Steinn Hilmarsson boðaði forföll.

Einnig sátu fundinn René Biazzone og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur 2018

Lagður fram ársreikningur 2018

2. Náttúruspjöll í Helgafelli á síðasta sumri

Farið yfir aðgerðir sem gripið var til vegna vegna náttúruspjalla í Helgafelli og í Sogum.

3. Friðlýsing Búrfellsgjár

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 19. júlí 2019 um áform um að friðlýsa Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá í Garðabæ.

Upplýst var að ferli friðlýsingar sé langt komið.

4. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Reykjanesfólkvang

Í ljósi aukins straums ferðamanna var samþykkt að senda áskorun til Umhverfisstofnunar um að hefja hið fyrsta gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Reykjanesfólkvang og að henni verði lokið 2022.

5. Friðlýsing Brennisteinsfjalla

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 23. júlí 2019. Bréfið er til kynningar á tillögu um friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar.

6. Umsókn um leyfi til myndatöku

Lagt fram afrit af bréfi Umhverfisstofnunar til Truenorth ehf. dags.

11. okt. 2019 varðandi umsókn um leyfi til kvikmyndatöku í Reykjanesfólkvangi.

Upplýst var leyfi fékkst hjá Grindavík en einnig að landvörður fólkvangsins sinnti töluverðri vinnu vegna myndatökunnar.

7. Deiliskipulag við Krýsuvíkurborg.

Lagt fram bréf Hafnarfjarðar dags. 1. nóv. 2019 varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi á Krýsuvíkurborg.

8. Landvarsla yfir vetrarmánuði 2019-2020

Lögð fram tillaga landvarðar um að gera viðauka við samning um landvörslu um hlutavinnu, þ.e. ígildi tveggja mánaða, á tímabilinu 1. nóv. 2019 til 15. apríl 2020. Tillagan var samþykkt.

9. Heilsárslandvarsla.

Rætt um þörf á heilsárslandvörslu og hvaða leiðir megi fara til að uppfylla það.

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

10. Skýrsla landvarðar 2019.

Lögð fram skýrsla landvarðar 2019.

Umræðu frestað og landvörður mun kynna skýrsluna á næsta fundi.

11. Krýsuvíkurmýri.

RB upplýsti að Votlendissjóður styrkti endurheimt votlendis í Krýsuvíkurmýri.

12. Heitavatnshola í Seltúni.

RB upplýsti um að búið að steypa upp í heitavatnsholu í Seltúni sem gufa gaus úr og búið sé að opna göngustíg um svæðið sem lokaðist af þeim sökum.

13. Aðalskipulag Grindavíkur.

GGK upplýsti í gangi sé endurskoðun aðalskipulags Grindavíkur.

14. Vegakerfi í fólkvangnum.

Rætt um þörf á áningastöðum við Suðurstrandarveg og við Kleifarvatn. Einnig að lagfæring á Vigdísarvallavegi fæli í sér ákveðna náttúruvernd.

15. Rætt um styrki.

Nokkrir styrkir hafa komið úr framkvæmdasjóðum vegna fólkvangsins m.a. sem Hafnarfjörður hefur fengið. Ekki er ljóst hvort sveitarfélag þarf að standa að umsókn eða hvort stjórn fólkvangsins gæti sótt um styrki, þá annað hvort í framkvæmdasjóð ferðamannastaða eða í landsáætlun um uppbyggingu innviða.

16. Samvinnusamningur um Reykjanesfólkvang.

Umræðu frestað.

Fundi slitið 17:20

Næsti fundur 11. mars.